

Athugasemdir við frumvarp til sóttvarnarlaga

Hafnarfjörður 11. desember 2020

Birgir Björgvinsson

329. mál, lagafrumvarp 151.

Löggjafarþing 2020–2021.

Inngangur

Til þess að sýna fram á mikilvægi þess að vel sé gengið frá aðhaldi yfirvalda í lögum sem þessum vil ég byrja á að rekja samskipti mín við sóttvarnarlækni og embætti Landlæknis, nú á haustmánuðum, áður en farið er í frumvarpið sjálft.

Aðdragandi

Þann 11. febrúar síðastliðin tilkynnti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að út hefði brotist farsótt. hryllilegar tölur bárust frá virtum háskóla og að yfirvofandi væri ein skæðasta farsótt sem mannkynið hefði upplifað. Þetta reyndist vera úr lausu lofti gripið og veruleikinn varð allt annar og meira í líkingu við skæðan flensu faraldur. Upp úr miðju sumri í svokallaðri annari bylgju var orðið nokkuð ljóst að upplýsingar sem dælt var yfir landsmenn voru mjög einhliða og gerðu lítið annað en að ala á ótta. Þetta gerði það að verkum að ég fór að leita upplýsinga úr öðrum áttum til þess að víkka sjóndeildarhringinn. Meðal annars var ég að fylgjast með Andrew Kaufmann þar sem hann fer í gegnum allar rannsóknir sem gerðar voru í upphafi faraldursins og niðurstaða hans var sú að veiran hefur ekki verið einangruð né sýnt fram á með vísindalegum hætti orsakasamheingið milli veirunnar og veikindanna (covid 19).

Þetta fanst mér leikmanninum ótrúlegt en tekið skal fram að Andrew Kaufmann er mjög virtur vísindamaður. Þar sem stjórnvöld hafa varað mjög við óáreiðanlegum og misvísandi upplýsingum og hafa m.a. sett upp nefnd til þess að koma böndum á covid 19 upplýsingaóreiðu, þá ákvað ég að snúa mér beint til sóttvarnarlæknis með þessar upplýsingar og spyrja hann álit á þeim. Ég rakti þetta stuttlega og einfaldlega það hann um álit á þessu. Hann svaraði um hæl. “Sæll ég hef ekki tíma.”

Ég ákvað þá að senda honum tvær spurningar sem ég var fyrir fram viss um að hann hefði ekki mikið fyrir að svara, en spurningarnar voru: getur þú sent mér gögn sem sýna fram á að vírusinn Sars cov 2 hafi verið einangraður og gögn sem sýna fram á að vírusinn sars cov 2 valdi covid 19. Svárið kom vægast sagt á óvart, “Þú getur nú leitað að þessu sjálfur”.

Ég hélt í einfaldni minni að yfirvöld hefðu þegar í byrjun faraldursins aflað þessara frum upplýsinga, en svo virtist ekki vera.

Ég sendi formlega beiðni um afhendingu gagna til Landlæknisembættisins en þá var einaldlega vísað í fyrri svör sóttvarnarlæknis. Ég ýtrekaði beiðni mína með vísan í 19.gr. upplýsingalaga og fékk það svar frá lögfræðingi embættisins að “tilvísað ákvæði ætti ekki við þar sem umbeðnar upplýsingar væru ekki á forræði embættisins” og því þyrfti ekki að afhenda þær.

Þetta var að mínu mati óásættanlegt svar og þar sem aðstoðarmaður landlæknis er í nefnd Þjóðaröryggisráðs um upplýsingaóreiðu covid 19 var ekki úr vegi að senda honum þessa ótrúlegu sögu og sjá til hvað kæmi út úr því. Þetta gerði ég með tölvupósti og rakti söguna, spurði hann hvort þetta gæti samræmst vilja stjórnvalda til að koma réttum upplýsingum til almennings, hann svaraði um hæl, svárið var einfalt en ótrúlegt:

Sæll Birgir.

“Við höfum engin frumgögn varðandi SARS-CoV-2, t.d. þau gögn er varða einangrun veirunnar og þá lífeðlisfræðilegu og sameindalíffræðilegu ástæður sem tengja veiruna við veirusjúkdóminn COVID-19.”

Kv.,

Kjartan Hreinn

aðstoðarmaður landlæknis

Þessum skollaleik verður ekki lýst sem öðru en covid 19 upplýsingaóreiðu. Ef veiran var ekki einangruð (Isolated, purified), sem er forsendan fyrir skimun, fyrir hverju er þá verið að skima?

Rétt er að koma því að, að samkvæmt núverandi Sóttvarnarlögum er það eitt af höfuð verkefnum sóttvarnarlæknis að halda skrá um smitsjúkdóma, fylgjast með útbreiðslu þeirra með því að afla nákvæmra upplýsinga m.a. frá ransókaradílum.

Þetta er alvarleg staða og sýnir glögglega hve mikilvægt er að ganga þannig frá lögum um sóttvarnir að aðhald að yfirvöldum sé tryggt á öllum stigum.

Frumvarpið

Ég ætla að takmarka yfirferð mína við einstaka skilgreiningar og aðalega elleftu grein þess.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við orðaskilgreiningum sem er vel. Það er jú grundvallar atriði að ganga þannig frá að engum vafa sé undirorpið hvaða merkingu skal leggja í einstök orð.

Með þetta í huga er sérkennilegt að skilgreining á orðinu GRUNSAMLEGURG eða GRUNUR er ekki að finna í orðaskilgreiningum heldur kemur sú skilgreining einungis fram í greinagerð frumvarpsins, en þar er vísað í reglugerð alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Skilgreining á þessu hugtaki er þó mjög mikilvæg þar sem fjölmargar stjórnvaldsákvarðanir eru reistar á henni.

Hér er úrdráttur úr greinagerðinni þar sem þessi skilgreining kemur fram:

Með orðanotkuninni „grunur“ er vísað til skilgreiningarinnar „grunsamlegur“ í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni og þeirra viðmiða sem fjallað er um í þeirri reglugerð. Er það hugtak skilgreint svo: „einstaklingar, farangur, farmur, gámar, farartæki, vörur eða pósthöggjar sem samningsríki telur að hafi orðið eða hafi hugsanlega orðið fyrir áhrifum frá áhættuþætti á sviði lýðheilsu og sem gætu e.t.v. verið upptökin að útbreiðslu sjúkdóms.“ Túlkunin fer jafnframt eftir eðli sjúkdómsins hverju sinni. Með þessu móti er skýrt kveðið á um skyldu einstaklinga, sem læknir telur að hafi orðið eða hafi hugsanlega orðið fyrir smiti og sem geti ef til vill verið upptökin að útbreiðslu sjúkdóms, til þess að sæta t.d. sóttkví ef grunur leikur á smiti þrátt fyrir að læknisrannsókn hafi ekki leitt í ljós að um smit sé að ræða. Slíkur grunur getur t.d. vaknað við smitrakningu.

Við yfirlestur elleftu greinar frumvarpsins með þessa skilgreiningu í huga er ljóst að tilvera þess sem kýs að vera óbólusettur verður auðveldlega að hryllingi og gildir einu sá réttur að fá að fara fyrir dómara með mál sitt, Þetta má sjá í þrettánda grein frumvarpsins:

“sé þess krafist getur dómari einnig sett það skilyrði að varnaraðili hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Þá má að kröfu sóknaraðila skylda varnaraðila til að afhenda vegabréf sitt meðan á frelsissviptingu stendur ef hætta þykir á að hann muni reyna að yfirgefa landið.”

Hér er látið eins og stórkostlegur glæpur hafi verið framinn.

Berum þetta síðan saman við þá meðferð sem bólusettir einstaklingar geta vænst;

“Hafi ferðamaður undir höndum viðurkennt vottorð um ónæmisaðgerð er ekki hægt að synja honum um komu inn í landið eða beita öðrum ráðstöfunum á grundvelli þessa ákvæðis með skírskotun til sjúkdómsins sem vottorðið varðar, jafnvel þótt hann komi frá smitsvæði, nema sannanlegar ábendingar og/eða vísbendingar séu um að ónæmisaðgerðin hafi ekki borið árangur eða að vottorðið sé falsað.”

Takið eftir að þetta er eina grein frumvarpsins þar sem tekið er fram að yfirvaldið þurfi að sanna mál sitt. Benda má einnig á að lagt er til breyting á 9 gr. Laganna verði eftirfarandi: Orðið rökstuddan í 1. mgr. fellur brott.

Þegar fjallað er um óbólusettan einstakling er allt byggt á grun eða hugsanlegum grun, sem ef til vill gæti.... en þegar kemur að bólusettem einstakling þá bregður við annan tón og nú þarf yfirvaldið allt í einu að sanna sanna mál sitt.

Af þessu má draga þá ályktun að hér sé búið svo um hnútanna að þeir sem ekki kjósa að láta bólusetja sig mega eiga von á frelsissviptingum og öðrum takmörkunum á réttindum sínum þar til þeir gefast upp og taka þá ákvörðun (sjálfviljugir) að láta bólusetja sig.

Þetta eru aðferðir sem mynna óhuggnanlega á það sem gerðist í síðari heimstyrjöldinni og ekki úr vegi taka fram “The Nuremberg code”. Það er ónotanleg tilfinning að hugurinn skuli reika að þessum ömurlegu réttarhöldum og eftirleik þeirra í samheingi við lagasetningu á Íslandi árið 2020 .

Ég legg til að frumvarpið verði lagt til hliðar í heild sinni og þráðurinn tekin upp þegar um hægist. Það er sterkt fordæmi fyrir því samanber tillögur um nýju stjórnarskránnu. Það þótti ekki góð hugmynd að vera að vasast í breytingum á stjórnarskránni í miðju hrúni, og þeir sem það sögðu höfðu töluvert til síns máls. Þetta frumvarp þarfnast mun ýtarlegri umfjöllunar og umræðu í þóðféluginu og það verður ekki séð að því hafi verið yfir höfuð verið sinnt.

Að lokum vil ég minna á að til eru óskrifuð mannréttindi sem eru öllum lögum ofar og engin er þess umkominn að breyta eða eyða. Það eru þau mannréttindi sem eru og hafa alltaf verið til, þau einfaldlega fylgja mennskunni.

Minn líkami, mín ákvörðun. þetta á við um alla, alltaf og allstaðar.

Virðingarfyllst,

Birgir Björgvinsson

